



Um orðhlutafræði í íslensku

Orðhlutar eru rót, viðskeyti, forskeyti, stofn og beygingarending.





Orðhluti

Orðhluti hefur verið skilgreindur sem minnsta merkingarbæra eining máls. Afmarkaður hluti úr orði sem hefur einhverja ákveðna merkingu eða hlutverk. Orðhlutar eru *rót*, *viðskeyti*, *forskeyti*, *stofn* og *beygingarending*.

Rót

- í öllum orðum er rót: **far**•ang•ur
- rætur bera grundvallarmerkingu orðsins, og eru einu orðhlutarnir sem geta komið fyrir sjálfstæðir, án stuðnings annarra
- rót er alltaf eitt atvæði
- framan við rótina getur komið forskeyti og viðskeyti sem ekki geta staðið sjálfstæð
- sá hluti orðmyndar sem er sameiginlegur öllum skyldum orðum: **far**•a, **far**•ang•ur, **far**•m•ur
- hlutverk rótar er að búa til ný orð sem hafa skylda merkingu
- rætur orða geta tekið ýmsum hljóðbreytingum: **far**•a, **fer**•ð, **för**
- í samsettum orðum eru fleiri en ein rót: **far**•**beg**•i, **far**•**mið**•i
- **dug** og **kon** eru rætur í í orðunum duglegur og dugnaðarkona
- heildarmerking orðmyndarinnar er samsett úr merkingu rótar, viðskeytis og beygingarendingar



Afleidd orð

- með afleiðslu er átt við að orðstofn eða rót í málinu fái annaðhvort framan á sig forskeyti eða aftan á sig viðskeyti
- forskeyti og viðskeyti geta ekki verið sérstök orð ein og sér.
- afleiðsla: skoðun, úr skoða og viðskeytinu **-un**
rafrænn, úr raf- og viðskeytinu **-rænn**
rakari, úr raka og viðskeytinu **-ari**
læknir, úr lækna og viðskeytinu **-ir**

Forskeyti

- forskeyti eru orðhlutar sem skeytt er framan við rótina til þess að mynda ný orð
- forskeyti eru eins í öllum beygingarmyndum orðsins
- forskeyti er alltaf eitt atkvæði
- forskeytin eru tiltölulega fá í íslensku og hafa yfirleitt það hlutverk að hliðra til eða meta merkingu rótarinnar, t.d. and-, ó-, tor.
- forskeytum má bæta framan við rætur lýsingarorða, nafnorða og sagna og (sjaldgæfara) atviksorða.



Viðskeyti

- viðskeyti eru orðhlutar sem skeytt er aftan við rótina til þess að mynda ný orð
- sum þeirra hafa ákveðna merkingu , t.d. -ar(í), -un, -leg.
- önnur er erfiðara að tengja ákveðinni merkingu, t.d. -il, -al- og -ul
- atviksorð er hægt að mynda með því að bæta viðskeytinu –a við lýsingarorð sem hafa viðskeitið –leg.
- forskeytum má bæta framan við rætur lýsingarorða, nafnorða og sagna og (sjaldgæfara) atviksorða
- viðskeyti í íslensku eru mjög mörg og fjölbreytt



Dæmi um forskeyti

forskeyti	nafnorð	sagnorð	lýsingarorð	atviksorð
aðal-	aðal • maður			
al-	al • eiga	al • hæfa	al • vitlaus	
all-			all • stór	
and-	and • byr		and • vaka	
for-	for • maður		for • ugur	
meðal-	meðal • tal			
megin-	megin • mál			
mis-	mis • tök	mis • skilja	mis • jafn	mis • vel
ný-	ný • bygging		ný • málaður	
of-	of • át	of • reyna		
ó-	ó • gæfa		ó • fær	ó • gjarnan
tor-			tor • skilinn	
van-	van • ræksla		van • búinn	
ör-	ör • birgð		ör • lífill	ör • sjaldan



1. Viðskeyti sem mynda nafnorð af öðrum orðflokkum

viðskeyti	af nafnorðum	af sagnorðum	af lýsingaro.
-an		líð • an	
-ald	hrúg • ald		
-hátt-	þursa • hátt • ur		
-dóm-	guð • dómu • ur		
-ling			sjúk • ling • ur
-ing-	KR • ing • ur	teikn • ing	klofn • ing • ur
-ist-	djass • ist • i		
-ó-	stræt • ó		
-skap-	leikara • skap • ur		
-and		nem • and • i	
-ar-		kenn • ar • i	
-ning-			
-uð-		hönn • uð • ur	
-un-		örv • un	göt • un
-heit-			liðug • heit
-leik-			göfug • leik • i
-ni-			virk • ni



2. Viðskeyti sem mynda nafnorð af öðrum orðflokkum

viðskeyti	af nafnorðum	af sagnorðum	af lýsingaro.
-i-	veld • i	stýri • i	
-nað		klæð • nað • ur	
-ind		bind • ind • i	
-ern	fað • ern • i		
-stur		rek • stur	
-angur		ber • angur	
-sk	bern • sk • a		heim • sk • a
-aldur		far • aldur	
			sann • leik • ur
-sl		gæ • sl • a	
-að		un • að • ur	
-leg-	asna • leg • ur	breyti • leg • ur	fátæk • leg • ur
-ótt-	blett • ótt • ur		
-ug-	blóðu • ug • ur	göf • ug • ur	
-nesk-	rúss • nesk • ur		
-að-	hug • að • ur		
-t-	tenn • t • ur		
-lát-	laus • lát • ur		





Viðskeyti sem mynda lýsingarorð af öðrum orðflokkum

viðskeyti	af nafnorðum	af sagnorðum	af lýsingaro.
-sam-	starf • sam • ur		
sk-	dan • sk • ur		
-ð-	eyg • ð • ur		
-d-	hyrn • d • ur		
-(a)ð-		mála • ð • ur	
-s-		hug • s • i	
-il-		heim • il • l	gjöf ul • l
-ul-		reik • ul • l	þurr • k • a
-k-		hlýð • in • n	
-in			hlý • j • an
-j-	skygg • n		
-n			lip • ur
-ur	suð • ræn • n		



Viðskeyti sem mynda sagnorð af öðrum orðflokkum

viðskeyti	af nafnorðum	af lýsingarorð.
-g-	auð • g • a	
-j-	þyl • j • a	
-l-	söng • l • a	
-n-	hit • n • a	
-r-	klif • r • a	
-s-	hrein • s • a	
-t-	væn • t • a	
-v-	sökk • v • a	
-a-	flipp • a	bogn • a
-era-	sjarm • era	
-k-		þurr • k • a
-n-	hit • n • a	



Stofn

- rót ásamt forskeyti og/eða viðskeyti myndar stofn
- stofninn er sá hluti orðs sem beygingarendingar bætast við
- sá hluti orðsins sem er sameiginlegur í beygingu þess
- mjög oft geta hljóðbeygingarreglur eða hljóðkerfisreglur þó valdið breytingu á stofninum, sonur>synir
- dugleg og dugnaðarkon eru stofnar í orðunum duglegur og dugnaðarkona

Dæmi	stofn
breyt • a	breyt
skaft • fell • sk • ur	skaft fell sk
sí • þreyt • a	þreyt



Beygingarendingar

- beygingarending er orðhluti sem bætist við stofninn til að sýna mismunandi beygingarmyndir orðsins
- helstu beygingarendingar eru fallendingar, persónuendingar og nafnháttarendingar
- þær standa aldrei sjálfstæðar og gegna því hlutverki að sýna þær formdeildir sem koma fram í orðinu
- fallið skiptir máli fyrir afstöðu orðsins innan annarra orða í setningu
- fallendingar eru merkingarbærar á þann hátt að það skiptir máli fyrir merkingu setningarinnar í heild hver fallendinganna er notuð

dæmi	beygingarending
breyt • a	nafnháttarending
Guðmund • ur	beygingarending
skafffellsk • ur	beygingarending
himin • n	beygingarending
les • um	persónuending



Samsett orð

Samsett orð eru orðmyndir sem hafa tvær rætur eða fleiri.

- **Dæmi um samsett orð: Íslendingur**
- orðið Íslendingur er gott dæmi um **samsett** orð
- hægt er að skipta því í fjóra orðhluta: Ís+lend+ing+ur
- ræturnar eru tvær, **ís** og **land** sem báðar geta staðið sjálfstæðar
- orðið **Ísland** er því samsett orð, og við það má bæta viðskeytinu – **ing-**, sem táknar oft „maður frá einhverjum stað“
- þegar orðið fær þetta viðskeyti breytist **a** í **land** í **e**, en það er mjög algengt að hljóðbreytingar verði í rótum þegar viðskeytum er bætt við þær
- stofn orðsins er **Íslending**
- stofninn helst í öllum beygingarendingum, en endingin **-ur** gerir það ekki: við segjum *Ég er Íslendingur*, en aftur á móti *Ég hitti Íslending* og *Ég þekki marga Íslendinga*, **-ur** og **-a** eru þá beygingarendingar sem bætt er við stofninn til að ákvarða nánar merkingu orðanna og tengsl þeirra við önnur orð í setningunni

	Íslendingur
rót	ís
rót	land
viðskeyti	-ing
a → e	land → lend
stofn	Íslending
beyginarendingar	-a -ur
orðmyndir	Íslendingur, Íslendingar



Dæmi um orðmynd/orð: óduglegur

- orðmyndin **óduglegur** er hægt að brjóta niður í fjóra orðhluta sem hver og einn gegnir mikilvægu hlutverki í að móta heildarmerkingu þess
- forskeytið **ó** gefur orði oftast andstæða merkingu
- rótin **du** ber meginhluta merkingar orðsins
- viðskeytið **-leg** er notað til að mynda lýsingarorð af sögnum nafnorðum og öðrum lýsingarorðum og kveður nánar um merkingu rótarinnar
- að lokum beygingarendingin **-ur** sem gefur til kynna að sá sem orðið lýsir sé karlkyns.